

Fulltrúi skipulags- og byggingarmála  
Skaftár- og Mýrdalshreppur  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 16.ágúst 2016  
UST201607-094/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022. Kirkjubæjarklaustur, svæði fyrir gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs.**

Vísað er til erindis fulltrúa skipulags- og byggingarmála, er barst 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Skaftárhrepps á svæði Kirkjubæjarklausturs.

**Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að tillaga að breytingu aðalskipulagsins felur í sér að bætt er inn nýju stofnanasvæði á Kirkjubæjarklaustri. Nýja stofnanasvæðið er áætlað við Sönghól sunnan við Skaftá í landi Hæðargarðs, en reiturinn er ætlaður fyrir gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs. Svæðið er um 10 ha að stærð og hallar landi að Skaftá. Einnig kemur fram að unnið er að tillögum um aðkomu að svæðinu í samvinnu við Vegagerðina, og að gestastofa verði 600 m<sup>2</sup> á einni hæð auk kjallara. Í greinargerð kemur fram að endanleg staðsetning gestastofu liggja ekki fyrir. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir um 120 bílastæðum og 10 rútustæðum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að bílastæði verði brotin upp á einhvern hátt, en verði ekki áætluð sem eitt flæmi. Að mati stofnunarinnar er það mikilvægt til þess að neikvæð sjónræn áhrif verði sem minnst.

**Staðhættir**


Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð eru ekki upplýsingar um staðhætti á skipulagssvæðinu fyrir utan það að landi hallar að Skaftá. Að mati Umhverfisstofnunar ættu að koma fram upplýsingar um aðstæður s.s. gróðurfar og einnig hvort um er að ræða raskað svæði eða óraskað.


**Umhverfisáhrif**

Í umfjöllun um umhverfisáhrif kemur fram að helstu þættir breytingartillögunnar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru þættir á framkvæmdatíma við byggingu áætlaðrar gestastofu. Einnig kemur fram að áætlunin geti haft óveruleg áhrif á gróður, menningarmínjgar og náttúruvá.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hver sá gróður er, né hverjar menningarminjar og náttúrvá eru.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

